

Svar

félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn frá Steinunni Þóru Árnadóttur um fjölda lífeyrisþega sem fá skertar greiðslur vegna búsetu erlendis.

1. Hversu margir lífeyrisþegar fengu á árunum 2010–2016 skertar greiðslur almannatrygginga vegna fyrri búsetu erlendis? Svar óskast sundurliðað eftir árum og hópum lífeyrisþega (elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega).

Í töflu 1 má sjá fjölda lífeyrisþega á Íslandi í nóvember 2010–2016 sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna fyrri búsetu erlendis.

Dagsetning	Fjöldi ellilífeyrisþega	Fjöldi örorkulífeyrisþega	Fjöldi endurhæfingarlífeyrisþega	Samtals
01.11.2010	382	451	57	890
01.11.2011	416	499	58	973
01.11.2012	440	627	82	1.149
01.11.2013	533	683	71	1.287
01.11.2014	619	749	76	1.444
01.11.2015	667	845	68	1.580
01.11.2016	746	910	63	1.719

Tafla 1. Fjöldi lífeyrisþega á Íslandi í nóvember 2010–2016 sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna fyrri búsetu erlendis.

2. Hversu margir þessara lífeyrisþega voru búsettir annars vegar í ríkjum innan EES og hins vegar í ríkjum utan EES fyrir flutninginn til Íslands? Svar óskast sundurliðað eftir árum og hópum lífeyrisþega.

Í töflu 2 kemur fram hversu margir lífeyrisþegar sem búsettir voru á Íslandi og fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna fyrri búsetu erlendis voru búsettir í ríkjum utan EES-svæðisins annars vegar og innan EES-svæðisins hins vegar fyrir flutning til Íslands. Miðað er við nóvember 2010–2016. Í nokkrum tilvikum var um að ræða einstaklinga sem bæði höfðu verið búsettir í ríkjum innan og utan EES-svæðisins fyrir flutning til Íslands.

Hópur	Ellilífeyrisþegar		Örorkulífeyrisþegar		Endurhæfingarlífeyrisþegar	
	Fjöldi búsettra í ríkjum utan EES	Fjöldi búsettra í ríkjum innan EES	Fjöldi búsettra í ríkjum utan EES	Fjöldi búsettra í ríkjum innan EES	Fjöldi búsettra í ríkjum utan EES	Fjöldi búsettra í ríkjum innan EES
01.11.2010	196	200	197	265	25	35
01.11.2011	210	222	219	294	24	36
01.11.2012	228	230	238	407	27	56
01.11.2013	262	295	254	454	31	40
01.11.2014	296	356	273	501	31	46
01.11.2015	309	399	304	567	26	43
01.11.2016	336	460	337	604	19	44

Tafla 2. Fjöldi lífeyrisþega sem búsettir voru á Íslandi í nóvember 2010–2016 og fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis og voru búsettir í ríkjum utan EES-svæðisins annars vegar og innan EES-svæðisins hins vegar fyrir flutning til Íslands.

3. Hversu margir þessara lífeyrisþega fá engar lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi. Svar óskast sundurliðað eftir árum og hópum lífeyrisþega.

Tafla 3 sýnir fjölda lífeyrisþega sem fá skertar greiðslur almannatrygginga vegna fyrri búsetu erlendis og fá engar greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi.

Fjöldi með engar greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi				
Dagsetning	Ellilífeyrisþegar	Örorkulífeyrisþegar	Endurhæfingarlífeyrisþegar	Samtals
01.11.2010	293	410	57	760
01.11.2011	317	446	58	821
01.11.2012	332	551	82	965
01.11.2013	407	597	71	1.075
01.11.2014	477	664	76	1.217
01.11.2015	500	765	68	1.333
01.11.2016	558	834	63	1.455

Tafla 3. Fjöldi lífeyrisþega í nóvember 2010–2016 sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis og fá engar greiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi.

4. Hversu stórt hlutfall þessara lífeyrisþega fær ekki greiðslur frá fyrra búsetulandi, þrátt fyrir að milliríkjasamningur sé í gildi milli Íslands og fyrra búsetulands? Svar óskast sundurliðað eftir árum og hópum lífeyrisþega.

Í töflu 4 sést heildarfjöldi lífeyrisþega sem kemur frá ríkjum sem gerðir hafa verið milli-ríkjasamningar við, hversu margir þeirra fá ekki greiðslur frá fyrra búsetulandi og hlutfall þeirra af heildarfjöldanum. Miðað er við nóvember 2010–2016.

Það skal tekið fram að lífeyrir almannatrygginga greiðist á grundvelli milliríkjasamninga hafi viðkomandi áunnið sér rétt til lögbundinna greiðslna á grundvelli iðgjaldagreiðslu, vinnu eða búsetu og fullnægir skilyrðum samkvæmt löggjöf þess ríkis fyrir greiðslunum. Þar sem löggjöf ríkja getur verið mismunandi hvað þetta varðar getur sú staða komið upp að réttur til lífeyris sé viðurkenndur í einu ríki en ekki öðru. Það getur leitt til þess að þótt viðkomandi hafi verið búsettur í öðru sammingsríki fyrir flutning til Íslands hafi hann ekki verið tryggður í því landi. Mörg ríki í Evrópu byggja t.d. á iðgjaldakerfi þar sem einstaklingar öðlast réttindi á grundvelli greiðslu iðgjalda en ekki búsetu. Hafi ekki verið um greiðslu slíkra iðgjalda að ræða hefur viðkomandi ekki áunnið sér réttindi í því landi sem flutt var frá. Einnig kann að vera að ekki sé til staðar tryggingakerfi í brottflutningsríkinu eða að viðkomandi einstaklingur hafi ekki áunnið sér rétt til greiðslna samkvæmt ákvæðum í milliríkjasamningum.

Loks ber þess að geta að reglur um lífeyrisaldur og örorkumat eru mismunandi á milli landa og hverju landi er í sjálfsvald sett hvernig þeim reglum er háttað. Þannig getur t.d. komið upp sú staða að einstaklingur sem hefur fengið örorkumat hér á landi á grundvelli almannatryggingalaga uppfylli ekki skilyrði fyrir slíku mati í því landi sem hann bjó í fyrir flutninginn. Það myndi leiða til þess að örorkubætur greiddust aðeins frá Íslandi en ekki frá fyrra búsetulandi.

Hópur	Ellilífeyrisþegar	Ellilífeyrisþegar	Örorkulífeyrisþegar	Örorkulífeyrisþegar	Endurhæfingarlífeyrisþegar	Endurhæfingarlífeyrisþegar
Ár	Fjöldi þar sem milliríkjasamn. er í gildi við fyrra búsetuland	þ.a. ekki með greiðslur	Fjöldi þar sem milliríkjasamn. er í gildi við fyrra búsetuland	þ.a. ekki með greiðslur	Fjöldi þar sem milliríkjasamn. er í gildi við fyrra búsetuland	þ.a. ekki með greiðslur
01.11.2010	221	133 (60%)	273	234 (86%)	35	35 (100%)
01.11.2011	245	146 (60%)	302	251 (83%)	36	36 (100%)
01.11.2012	255	147 (58%)	414	340 (82%)	56	56 (100%)
01.11.2013	322	196 (61%)	460	376 (82%)	41	41 (100%)
01.11.2014	383	241 (63%)	507	423 (83%)	47	47 (100%)
01.11.2015	425	259 (61%)	576	496 (86%)	44	44 (100%)
01.11.2016	489	304 (62%)	612	536 (88%)	44	44 (100%)

Tafla 4. Heildarfjöldi lífeyrisþega í nóvember 2010–2016 sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis og koma frá ríkjum sem gerðir hafa verið milli-ríkjasamningar við, hversu margir þeirra fá ekki greiðslur frá fyrra búsetulandi og hlutfall þeirra af heildarfjöldanum.

5. Hversu margir lífeyrisþegar, sem sótt hafa um lífeyri frá öðru EES-ríki, hafa fengið synjun um örorkulífeyri frá fyrra búsetulandi? Svar óskast sundurliðað eftir árum og hópum lífeyrisþega.

Til að unnt væri að svara þessari spurningu þyrfti Tryggingastofnun ríkisins að leggja í mjög umfangsmikla vinnu, m.a. að fara handvirkt yfir hverja umsókn þeirra einstaklinga sem um ræðir, sem er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Þess vegna er ekki unnt að svara þessum lið fyrirspurnarinnar á þeim fresti sem veittur er til að svara fyrirspurn sem þessari. Enn fremur er óskað eftir að ígrundað verði vel hvort svarið í heild gefi nægilega mynd af aðstæðum þessa fólks áður en ráðist verður í að svara umræddri spurningu í ljósi þess tíma og kostnaðar sem það tæki.

6. Hversu margir lífeyrisþegar skv. 1. tölul. fyrirspurnarinnar féllu í eftirtalda tekjuflokka á árunum 2010–2016 (skattskyldar tekjur í nóvember ár hvert) sem miðast við allar skattskyldar tekjur:

0–79.999 kr.,

80.000–99.999 kr.,

100.000–129.999 kr.,

130.000–149.999 kr.,

150.000–169.999 kr.,

170.000–189.999 kr.,

190.000–209.999 kr.,

210.000 kr. eða hærrí? Svar óskast sundurliðað eftir árum og hópum lífeyrisþega.

Í töflu 5 koma fram upplýsingar um hve margir lífeyrisþegar féllu í umrædda tekjuflokka. Miðað er við skattskyldar tekjur að meðtöldum skattskyldum bótum almannatrygginga í nóvember ár hvert.

Elli lífeyrisþegar										
Ár-Mán	0-79.999 kr.	80.000-99.999 kr.	100.000-129.999 kr.	130.000-149.999 kr.	150.000-169.999 kr.	170.000-189.999 kr.	190.000-209.999 kr.	210.000 kr. eða hærrí	Samtals	
01.11.2010	48	21	41	37	36	39	27	133	382	
01.11.2011	32	21	26	29	51	56	48	153	416	
01.11.2012	32	15	24	29	53	58	56	173	440	
01.11.2013	33	19	23	39	44	66	52	257	533	
01.11.2014	32	19	29	30	52	73	56	328	619	
01.11.2015	28	27	30	30	42	65	56	389	667	
01.11.2016	26	22	43	20	45	72	68	450	746	
Örorkulífeyrisþegar										
Ár-Mán	0-79.999 kr.	80.000-99.999 kr.	100.000-129.999 kr.	130.000-149.999 kr.	150.000-169.999 kr.	170.000-189.999 kr.	190.000-209.999 kr.	210.000 kr. eða hærrí	Samtals	
01.11.2010	23	27	88	77	66	42	30	98	451	
01.11.2011	11	8	21	49	119	67	64	160	499	
01.11.2012	15	8	27	46	100	99	99	233	627	
01.11.2013	11	13	31	48	87	119	98	276	683	
01.11.2014	11	12	22	52	89	150	74	339	749	
01.11.2015	19	20	29	52	68	115	132	410	845	
01.11.2016	23	16	38	32	67	94	130	510	910	
Endurhæfingar lífeyrisþegar										
Ár-Mán	0-79.999 kr.	80.000-99.999 kr.	100.000-129.999 kr.	130.000-149.999 kr.	150.000-169.999 kr.	170.000-189.999 kr.	190.000-209.999 kr.	210.000 kr. eða hærrí	Samtals	
01.11.2010	7	4	18	9	5	4	3	7	57	
01.11.2011	4	4	6	6	15	9	4	10	58	
01.11.2012	5	4	12	10	15	12	13	11	82	
01.11.2013	2	1	8	8	12	23	6	11	71	
01.11.2014	2	0	6	4	11	25	8	20	76	
01.11.2015	2	3	6	7	6	16	13	15	68	
01.11.2016	1	1	1	2	7	7	13	31	63	

Tafla 5. Fjöldi lífeyrisþega í nóvember 2010–2016 sem fengu skertar greiðslur frá almannatryggingum vegna búsetu erlendis og eru í ofangreindum tekjuflokkum (miðað við allar skattskyldar tekjur að meðtöldum skattskyldum bótum almannatrygginga).

7. Hversu margir lífeyrisþegar voru ár hvert með heildartekjur undir framfærsluviðmiði án heimilisuppbótar skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, þ.e.:
 lægri en 174.946 kr. árið 2012,
 lægri en 181.769 kr. árið 2013,
 lægri en 188.313 kr. árið 2014,
 lægri en 193.962 kr. árið 2015,
 lægri en 212.776 kr. árið 2016? Svar óskast sundurliðað eftir árum og hópum lífeyrisþega.

Í töflu 6 koma fram upplýsingar um hve margir lífeyrisþegar voru með heildartekjur undir framfærsluviðmiði án heimilisuppbótar skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, í nóvember 2010–2016.

Heildartekjur lægri en:	Dagsetning	Ellilífeyrisþegar	Örorkulífeyrisþegar	Endurhæfingarlífeyrisþegar	Samtals	Hlutfall þessara ellilífeyrisþega undir framfærsluviðmiði	Hlutfall þessara örorkulífeyrisþega undir framfærsluviðmiði	Hlutfall þessara endurhæfingarlífeyrisþega undir framfærsluviðmiði
153.500	01.11.2010	154	230	42	426	40,3%	51,0%	73,7%
169.030	01.11.2011	156	204	35	395	37,5%	40,9%	60,3%
174.946	01.11.2012	178	245	52	475	40,5%	39,1%	63,4%
181.769	01.11.2013	209	294	49	552	39,2%	43,0%	69,0%
188.313	01.11.2014	230	325	48	603	37,2%	43,4%	63,2%
193.962	01.11.2015	246	360	47	653	36,9%	42,6%	69,1%
212.776	01.11.2016	306	441	36	783	41,0%	48,5%	57,1%

Tafla 6. Fjöldi lífeyrisþega ár hvert með heildartekjur undir framfærsluviðmiði án heimilisuppbótar skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, í nóvember 2010–2016.